

Fundargerð
13. eigendafundar Strætó bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 3. apríl 2017, kl. 08:00

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg,
Haraldur Líndal Haraldsson, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ,
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ,
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi,
Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs, Garðabæ,
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ.

frá stjórn Strætó bs.:

Bryndís Haraldsdóttir, Mosfellsbæ,
Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ,
Sverrir Óskarsson, Kópavogi,
Guðlaug Kristinsdóttir, Hafnarfirði,
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesi.

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Ágúst Þorbjörnsson, ráðgjafi hjá Framsækni ehf. og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Ármann Kr. Ólafsson stýrði fundi.

Fyrir fundinum lágu eftirtalin gögn:

- a) Ársreikningur Strætó bs. 2016
- b) "Rekstrarúttekt Strætó bs – mars 2017"
- c) "Hagræðingar hjá Strætó bs – Viðauki I"

Gengið var til dagskrár.

1. mál: Rekstrarúttekt byggðasamlagsins

Sameiginleg yfirferð eigendavettvangs og stjórnar Strætó bs. yfir niðurstöður úrvinnslu stjórnarformanns og framkvæmdastjóra byggðasamlagsins á tillögum úr rekstrarúttekt Framsækni ehf. sbr. samþykkt 12. eigendafundar frá 23. janúar sl.

Í forföllum stjórnarformanns Strætó bs. gerði Gunnar Valur Gíslason varaformaður stjórnar grein fyrir meginþáttum og áherslum stjórnar og framkvæmdastjóra við úrvinnslu á verkefninu.

Jóhannes Svavar Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs. fór síðan ítarlega yfir þær aðgerðir sem nú þegar hefur verið gripið til hjá Strætó bs. til hagræðingar og lækkunar á rekstrarkostnaði, bæði með beinni vísan

Í úttekt og tillögur Framsækni ehf, en einnig með öðrum aðgerðum þar sem stjórn hefur séð tilefni til aðgerða. Ennfremur fór hann yfir þau verkefni og aðgerðir sem eru framundan til enn frekari hagræðingar og kostnaðarlækkana á yfirstandandi ári.

Umræður

Niðurstaða:

Eigendafundur Strætó bs. fagnar þeim árangri sem náðst hefur til hagræðingar og lækkunar á rekstrarkostnaði byggðasamlagsins með innleiðingu og framkvæmd tillagna Framsækni ehf. og þeim aðgerðum sem stjórn byggðasamlagsins hefur gripið til þeim til viðbótar.

Um leið og eigendafundurinn þakkar stjórn byggðasamlagsins, framkvæmdastjóra og stjórnendum þess ásamt ráðgjafa fyrir góða og árangursríka vinnu, felur fundurinn stjórn og framkvæmdastjóra að vinna ötullega áfram við innleiðingu þeirra möguleika sem enn eru til staðar til betri og hagkvæmari reksturs byggðasamlagsins.

Í ljósi framangreinds telur eigendafundurinn að fyrir liggi skýr og árangursrík niðurstaða þeirrar vinnu við rekstrarúttekt og hagræðingu í rekstri Strætó bs. sem hófst í byrjun árs 2015.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 09:15

Páll Guðjónsson, fundarritari.